

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

30.4.2019
2019-04-57/0.11.1

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka við EES-samninginn, þskj. 1237 á 777. máli

Landsnet hefur fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í samninginn tilteknar gerðir á sviði orkumála (þriðja orkupakkann). Landsnet þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um tillöguna.

Með lögum um stofnun Landsnets er fyrirtækinu falið það hlutverk að annast flutning raforku, kerfisstjórnun og uppbyggingu flutningskerfis raforku samkvæmt ákvæðum raforkulaga á íslensku forráðasvæði. Núverandi regluverk byggir á markaðslöggjöf þeirra gerða á sviði orkumála sem þegar hefur verið tekin upp í EES-samninginn. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar samanstendur af átta gerðum tengdum orkumálum. Eins og ráðið verður af greinargerð tillögunnar varðar þriðji orkupakkinn ekki eingöngu millilandatengingar heldur er í honum einnig fjallað um markaðspróun, neytendavernd og gæði raforku. Markmið hans er að tryggja skilvirkan orkumarkað sem þjóni neytendum, stuðli að bættri nýtingu raforku auk þess að tryggja aðgang að hreinni endurnýjanlegri orku á sem lægsta verði. Það eru einkum tilskipun 2009/72 og reglugerð nr. 714/2009 sem varða starfsemi Landsnets og er umsögnin bundin við þær gerðir.

Í greinargerð með tillögunni er efni gerðanna rakið sem og þær undanþágur sem Íslandi eru veittar með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þær breytingar sem felast í gerðunum hafa óveruleg áhrif á starfsemi Landsnets, einkum þar sem Íslandi er veitt undanþága frá ákvæðum 9. gr. tilskipunar 2009/72 um sundurgreiningu flutningskerfa frá öðrum rekstri á orkumarkaði. Þá hafa ákvæði reglugerðar nr. 714/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri ekki áhrif á meðan raforkukerfi Íslands er ekki samtengt raforkukerfum annarra landa. Hins vegar er rétt að hafa í huga að frá upphafi hefur í EES samningnum verið að finna sameiginlegar reglur um aðgang að orkuflutninganeti og við gerð samningsins var af Íslands hálfu gengið út frá að þær reglur gætu komið að gagni ef og þegar af útflutningi orku frá Íslandi til Evrópu með sæstreng yrði, sbr. athugasemdir við 24. gr. frumvarps til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Hafa verður í huga að ákvarðanir varðandi sæstreng munu ekki eingöngu snerta útflutning á raforku og viðskiptaleg atriði, heldur einnig orkuöryggi landsins og mögulegan innflutning á raforku. Samtenging og rekstur raforkukerfa er mikilvægt þjóðaröryggismál og miklar kröfur eru gerðar til flutningskerfisstjóra landanna hvað varðar öryggi.

Rekstur flutningsfyrirtækis í alþjóðlega þekktu lagaumhverfi skapar margvíslegt hagræði í starfsemi Landsnets. Sem flutningskerfisstjóri hefur Landsnet frá upphafi verið aðili að Evrópuneti raforkuflutningskerfisstjóra (European Network of Transmission System Operators for Electricity eða ENTSO-E). Þótt stór hluti starfsemi ENTSO-E varði ýmsa þætti er lúta að samtengingum milli landa og rekstri samtengdra flutningskerfa og snerti þannig ekki beint núverandi starfsemi Landsnets, þá hefur þátttaka í starfsemi ENTSO-E haft töluverða þýðingu. Þannig hefur Landsnet í gegnum samstarfið greiðan aðgang að öllum helstu sérfræðingum Evrópu á sviði raforkuflutningsmála. Þá reynir ENTSO-E í starfi sínu að finna lausnir sem henta öllum og lögð er áhersla á sveigjanleika í starfseminni. Þannig gefst aðildarfyrirtækjunum tækifæri á að hafa áhrif á vinnuna og sem dæmi um þetta má nefna að þátttaka Landsnets í vinnu við gerð sameiginlegra netmála skilaði því að einangruð flutningskerfi eru undanþegin gildissviði sameiginlegra kerfisreglna (Network Codes) sem settar hafa verið samkvæmt heimild í reglugerð nr. 714/2009. Með þessu skapast svigrúm til að aðlaga kerfisreglurnar að sérstöðu einangraðra flutningskerfa og jafnframt nýta þá gríðarlegu þekkingu sem gerð Evrópureglanna felur í sér.

Á sama hátt og í öðrum löndum eru að verða viðamiklar breytingar á orkumarkaðinum á Íslandi. Orkuframleiðendum er að fjölga og mun á næstu árum fjölga ört. Fjöldi minni vatnsorkuvera er í undirbúningi, litlar jarðhitavirkjanir eru þegar í rekstri og vindorkuver eru í undirbúningi víðsvegar á landinu. Til að þessi þróun gangi vel þarf að tryggja jafnræði milli aðila og jafna stöðu þessara aðila gagnvart núverandi framleiðendum eins og raforkulög gera ráð fyrir. Aðgangur að samkeppnismarkaði skiptir þar miklu og verður að gera ráð fyrir því að minni framleiðendur muni þrýsta á úrbætur í þeim efnum. Á neytendahliðinni eru einnig miklar breytingar fyrirsjáanlegar. Þessar breytingar eru drifnar áfram af orkuskiptum, mikilli þróun tækninnar og almennrar viðhorfsbreytinga fyrir hreinum endurnýjanlegum orkugjöfum og ábyrgri nýtingu þeirra. Hér á landi er þessi þróun hafin og hefur samkeppni á smásölumarkaði aukist umtalsvert. Smærri fyrirtækin eru orðin meðvitaðri um verðmæti orkunnar og með aukinni rafbílavæðingu má ætla að sama þróun verði hjá heimilunum. Aukin sjálfvirknivæðing mun einfalda neytendum orkuviðskiptin og munu til dæmis rafbílaeigendur í framtíðinni getað hlaðið bílana þegar orkuverðið er hagstætt án þess að þekkja flókið viðskiptaumhverfið. Umtalsverðar breytingar eru einnig að verða hjá stærri notendum. Fyrirtækjunum fjölgar og við bætast minni fyrirtæki en þau sem fyrir eru. Þarfir þeirra og viðskiptahættir eru að breytast og sum stóru fyrirtækin munu í framtíðinni geta veitt raforkuferfinu verðmæta þjónustu á forsendum raforkumarkaðarins. Áhugi þessara aðila breyttum viðskiptaháttum er vaxandi.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil þróun í viðskiptaumhverfi flutningsfyrirtækja um allan heim þar sem innleiddar hafa verið ýmsar markaðslausnir til að takast á við áskoranir í rekstri raforkuflutningskerfa. Slíkar lausnir hafa m.a. verið þróaðar á vettvangi ENTSO-E. Þátttaka er þannig til þess fallin að auðvelda aðgengi að upplýsingum um það sem er að gerast í þróun slíkra markaðslausna og auka þekkingu á þeim. Setning raforkulaga árið 2003 markaði upphaf markaðsvæðingar raforkumála á Íslandi. Á allra síðustu árum hafa orðið talverðar breytingar með innkomu nýrra sölufyrirtækja/raforkumiðlara á raforkusölumarkaði. Þessar breytingar kalla á að frekari ákvarðanir verði teknar um skipulag raforkumarkaðar á Íslandi. Á undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar á ytra umhverfi Landsnets og gera verður ráð fyrir að frekari breytingar muni eiga sér stað á næstu árum, m.a. vegna orkuskipta og breytinga í viðskiptaumhverfi. Viðskiptavinir fyrirtækisins hafa kallað á aðrar áherslur, bæði hjá Landsneti og eins orkugeiranum í heild. Það er mikilvægt að stjórnvöld og regluverk í kringum orkumál styðji við þessa þróun, séu jafnvel í leiðandi hlutverki og útbúi t.a.m. regluverk þannig að orkufyrirtækjum verði gert auðvelt að takast á við þær breytingar sem eru framundan í orkumálum.

Út frá hagsmunum Landsnets skiptir miklu máli að það lagaumhverfi sem félagið starfar í endurspegli sem best Evrópskt regluverk að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna á Íslandi. Með vísan til þessa sem og ályktunar aðalfundar Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja, sem haldinn var þann 6 mars sl. er það fagleg niðurstaða Landsnets að mæla með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,



Guðmundur I. Ásmundsson, forstjóri.